

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 8. maí 1996****um að koma á fót skrá og sameiginlegu nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara****(Texti sem varðar EES)**

(96/335/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/34/EB⁽²⁾, einkum 5. gr. a og 2. mgr. 7. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefnd um februnarfærði,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Skráin yfir innihaldsefni snyrtivara skal skiptast í þátt um hráefni sem gefa ilm og bragð og þátt um önnur efni.

Í skránni skulu koma fram upplýsingar um auðkenni hvers innihaldsefnis, einkum efnaheiti þess, heiti samkvæmt INCI (áður CTFA), evrópsku lyfjaskránni (Ph. Eur.), INN og IUPAC, EINECS-/ELINCS- og CAS-númer og númer þess í litaskránni Colour Index (CI), almenna heitið, sem um getur í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 76/768/EBE, svo og hlutverk innihaldsefnisins og, eftir því sem við á, takmarkanir, notkunarreglur og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 19.

Skráin veitir nauðsynlegar upplýsingar um innihaldsefni snyrtivara en auk þess verður að skoða hana í samhengi við 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 76/768/EBE þar sem þess er krafist að á vörunni og/eða umbúðum hennar komi fram tilætluð notkun vörunnar og listi yfir innihaldsefni hennar og gildir þetta um snyrtivörur sem eru markaðssettar frá og með 1. janúar 1997.

Skráin, sem lögð er til, verður að vera nægilega ítarleg til að unnt sé að gefa upp innihaldsefni snyrtivara á merkimiðum þeirra.

Skráin er þó aðeins til leiðbeiningar og gildir ekki sem skrá yfir efni sem heimilt er að nota í snyrtivörur.

Hún skal uppfærð reglulega.

Sameiginlegt nafnakerfi fyrir innihaldsefni gerir það kleift að auðkenna hvert innihaldsefni með einu heiti í öllum aðildarríkjunum, en þannig eiga neytendur auðvelt með að bera kennsl á efni sem þeim hefur verið ráðlagt að forðast (t.d. vegna ofnæmis), hvar sem þeir kaupa snyrtivörur í bandalaginu.

INCI-heitin (International Nomenclature Cosmetic Ingredient: alþjóðlegt nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara) komast næst því að uppfylla þessar kröfur þar eð þau eru tiltölulega einföld og eru auk þess þegar í notkun á alþjóðavettvangi.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með snyrtivörur.

ÁKVEÐUR EFTIRFARANDI:

1. gr.

Skráin yfir innihaldsefni snyrtivara, sem kveðið er á um í 5. gr. a í tilskipun 76/768/EBE, er samþykkt í því formi sem hún birtist í viðaukanum.

2. gr.

INCI-heitin í skránni gilda sem sameiginlegt nafnakerfi að því er varðar 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 76/768/EBE.

Gjört í Brussel 8. maí 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Emma BONINO

framkvæmdastjóri.

—

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR INNIHALDSEFNI SNYRTIVARA

ALMENNUR INNGANGUR

1. Í tilskipun ráðsins 93/35/EBE frá 14. júní 1993 um sjöttu breytingu á tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur⁽¹⁾ (sem hér á eftir er kölluð „snyrtivöru-tilskipunin“) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli, samkvæmt málsmeðferð með þátttöku nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem um getur í 10. gr. tilskipunar 76/768/EBE, gera skrá yfir innihaldsefni snyrtivara, meðal annars á grundvelli upplýsinga frá viðkomandi framleiðslugrein. Skráin er til leiðbeiningar og gildir ekki sem skrá yfir efni sem heimilt er að nota í snyrtivörur.

Skipta skal skránni í *tvo þætti*:

— hráefni sem gefa ilm og bragð

— önnur efni.

Í skránni skulu koma fram upplýsingar um auðkenni innihaldsefnisins, einkum heiti þess samkvæmt INCI (áður CTF), evrópsku lyfjaskránni, INN og IUPAC og efnaheiti þess, EINECS-/ELINCS-, CAS- og litaskrárnúmer, almenna heitið, sem um getur í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 76/768/EBE með áorðnum breytingum, svo og hlutverk innihaldsefnisins og skyldubundnar takmarkanir, notkunarreglur og varnaðarorð.

Til að unnt sé að tryggja að vara sé hættulaus er nauðsynlegt að þekkja innihaldsefni hennar. Í skránni er tekið mið af kröfunni í 1. mgr. hinnar nýju 6. gr. (1. mgr. 7. gr. tilskipunar 93/35/EBE) þar sem gert er skylt að láta *tilætlaða notkun vörunnar og lista yfir innihaldsefni hennar* koma fram á vörunni og/eða umbúðum hennar (aðeins á umbúðunum að því er listann varðar) og gildir þetta um snyrtivörur sem eru markaðssettar frá og með 1. janúar 1997.

Í tilskipun 93/35/EBE er einnig kveðið á um að aðildarríkin geti krafist þess að innihaldsefni séu gefin upp á tungumáli sem neytendur skilja auðveldlega og að *framkvæmdastjórnin skuli í því skyni samþykkja sameiginlegt nafnakerfi fyrir innihaldsefni* í samræmi við málsmeðferð með þátttöku nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum (10. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/35/EBE um breytingu á 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 76/768/EBE).

Sameiginlegt nafnakerfi fyrir innihaldsefni gerir það kleift að auðkenna hvert innihaldsefni með einu heiti í öllum aðildarríkjunum, en þannig eiga neytendur auðvelt með að bera kennsl á efni sem þeim hefur verið ráðlagt að forðast (t.d. vegna ofnæmis), hvar sem þeir kaupa snyrtivörur í bandalaginu.

Samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar gilda INCI-heitin í heild sem sameiginlegt nafnakerfi.

2. Skráin, sem framkvæmdastjórnin leggur til, er í tveimur þáttum sem kveðið er á um í tilskipun 93/35/EBE, það er:

— skrá yfir innihaldsefni snyrtivara, önnur en hráefni sem gefa ilm og bragð (1. þáttur)

og

— skrá yfir hráefni sem gefa ilm og bragð (2. þáttur)

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 151, 23. 6. 1993, bls. 32.

Skráin, sem lögð er til, er eins góð og mögulegt er miðað við þann skamma tíma sem gefinn var til verksins í tilskipun 93/35/EBE. Markmiðið er að hún verði nægilega ítarleg til að unnt sé að merkja snyrtivörur eins rétt og ítarlega og kostur er.

Samkvæmt 3. lið 4. mgr. 1. gr. í tilskipun 93/35/EBE skal uppfæra skrána reglulega.

I. ÞÁTTUR

SKRÁ YFIR INNIHALDSEFNI SNYRTIVARA, ÖNNUR EN HRÁEFNI SEM GEFA ILM OG BRAGÐ*Inngangur*

Þessi skrá er fyrst og fremst tekin saman á grundvelli upplýsinga frá snyrtivöruiðnaðinum í Evrópu sem samstarfsnefndin fyrir Evrópusamtök ilmvatns- og snyrtivöruframleiðenda (COLIPA) er fulltrúi fyrir.

Skráin tekur til allra atriða sem nefnd eru í 5. gr. a í snyrtivörutílskipuninni og varða auðkenni og venjuleg(t) hlutverk innihaldsefna í snyrtivörum auk takmarkana á notkun þeirra. Innihaldsefnin eru talin upp í stafrófsröð eftir INCI-heitum en þau gilda í heild sem sameiginlegt nafnakerfi til nota við merkingar í öllu Evrópusambandinu.

Um er að ræða eftirtalda liði:

1. INCI-heiti

INCI-heitin vísa til sameiginlegs nafnakerfis til nota við merkingar á umbúðum snyrtivara. Reglur um uppbyggingu nafnakerfisins fylgja með.

Skammstöfunin „INCI“ stendur fyrir „International nomenclature cosmetic ingredient“ eða alþjóðlegt nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara. Hún vísar til nýs iðorðasafns sem COLIPA hefur tekið saman til að koma til móts við þörfina á raunverulegu alþjóðsamstarfi. Vakin er athygli á því að í 5. gr. a í snyrtivörutílskipuninni er vísað til CFTA-heita en INCI-heitin hafa komið í stað þeirra sem rétt heiti í sameiginlega nafnakerfinu. INCI-heiti getur tekið til fleiri en eins einstaks efnis.

Eins og fram kemur í g-lið 1. mgr. 6. gr. í snyrtivörutílskipuninni skal nota númer eða heiti úr lítaskránni í IV. viðauka við merkingar innihaldsefna. Litaskrárnúmerið er því INCI-heiti þessara innihaldsefna.

2. INN-heiti

Þessi skammstöfun vísar til alþjóðlegs samheitis sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur mælt með. Það er gefið upp þar sem við á.

3. Heiti í evrópsku lyfjaskránni (Ph. Eur.)

Þessi skammstöfun vísar til heitis í evrópsku lyfjaskránni. Það er gefið upp þar sem við á.

4. CAS-númer

Þessi skammstöfun vísar til einkennistölu sem *Chemical Abstracts Service* hefur gefið efnunum. CAS-númerið er alþjóðleg einkennistala sem gerir það kleift að bera kennsl á efni. Hún er gefin upp þar sem við á.

5. EINECS-/ELINCS-númer

Þessi skammstöfun vísar til einkennistölu sem annaðhvort er að finna í Evrópuskrá yfir markaðssett kemísk efni (EINECS), ef um er að ræða efni sem fyrir eru á markaðinum eða í Evrópuskrá yfir tilkynnt efni (ELINCS), ef um er að ræða ný efni. Einkennistalan er gefin upp þar sem við á.

6. Efnahæiti/IUPAC-hæiti

Þessi liður tekur til efnahæitis og IUPAC-hæitis (IUPAC: International Union of Pure and Applied Chemistry: Alþjóðasamtök um fræðilega og hagnýta efnafræði). Það nær yfir EINECS-hæiti, þar sem IUPAC-hæitin eru notuð, eða CAS-hæiti sem henta augljóslega til auðkenningar á innihaldsefninu. Hæitin hafa verið sameinuð til að komast hjá endurtekningu.

7. Takmörkun

Þessi liður vísar til innihaldsefna sem falla undir viðauka snyrtivörutílskipunarinnar, í styttri gerð (svo dæmi sé tekið merkir „III/1, 16“ 16. liður 1. hluta III. viðauka). Skráin nær yfir allar vísanir til viðaukanna, til og með 17. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/32/EB um aðlögun að tækniframförum á viðaukum snyrtivörutílskipunarinnar.

Reglubundin uppfærsla á þessum lið er mjög mikilvæg eftir því sem viðaukar tilskipunarinnar eru lagaðir að tækniframförum.

8. Hlutverk

Þessi liður vísar til þess hlutverks eða þeirra hlutverka sem innihaldsefnið gegnir venjulega í snyrtivörunni. Innihaldsefnið getur gegnt fleiri en einu hlutverki.

Hlutverkin, sem gefin eru upp, eru skilgreind sem hér segir:

AFLITUNAREFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að lýsa hára- eða hörundslit.

AFOXUNAREFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að breyta efniseiginleikum annars efnis með því að bæta við vetni eða fjarlægja súrefni.

AFRAFMAGNANDI EFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að draga úr stöðurafmagni með því að jafna út yfirborðshleðslu.

AUKEFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur, oft í tiltölulega litlu magni, til að gæða þær æskilegum eiginleikum eða bæta slíka eiginleika eða til að uppræta óæskilega eiginleika (eða draga úr þeim svo sem kostur er).

AUKEFNI AF LÍFRÆNUM UPPRUNA

Efni af lífrænum uppruna sem eru sett í snyrtivörur til að ná fram tilteknum eiginleikum í vörunni.

BINDIEFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur í föstu formi til að tryggja samloðun.

DRIFEFNI

Loftegundir sem eru settar undir þrýstingi í snyrtivörur í þrýstipólnum ílátum til að knýja út innihald ílátanna þegar létt er á þrýstingnum.

EFNI TIL AÐ STÝRA SEIGJU

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að auka eða minnka seigju fullunninnar vöru.

EFNI TIL SÍUNAR ÚTFJÓLUBLÁRA GEISLA

Efni sem eru sett í snyrtivörur í þeim sérstaka tilgangi að sía burt tiltekna útfjólubláa geisla til að verja hörundið eða vöruna gegn tilteknum skaðlegum áhrifum þessara geisla. Til að verja hörundið gegn þessum áhrifum er einungis leyfilegt að nota efni sem eru skráð í VII. viðauka við snyrtivörutílskipunina.

FLÖSUEYÐANDI EFNI

Efni sem eru sett í hársnyrtivörur til að draga úr flösumyndun.

FROÐUEYÐANDI EFNI

Efni sem eru annaðhvort sett í snyrtivörur til að koma í veg fyrir froðumyndun í framleiðslu eða til að draga úr tilhneigingu til froðumyndunar í fullnum vörum.

GLEYPÍEFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur í þeim tilgangi að draga til sín vatns- og/eða olíuleysanleg efni sem eru uppleyst eða mynda fíngerða dreifu.

HÁREYÐANDI EFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að fjarlægja óæskileg líkamshár.

HÁRLITUNAREFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að lita hár.

HIMNUMYNDANDI EFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að mynda samfellda himnu á hörundi, hári eða nöglum þegar þær eru bornar á.

KLÓBINDIEFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að hvarfast við og mynda flóka með málmjónum sem gætu haft áhrif á jafnvægi og/eða útlit snyrtivara.

LEYSIEFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að leysa upp aðra efnisþætti.

LITAREFNI Í SNYRTIVÖRUR

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að lita þær og/eða gæða hörund og/eða hörundsviðhengi lit. Öll litarefni, sem talin eru upp, eru efni á skránni yfir litarefni sem leyfð eru í snyrtivörur (IV. viðauki við snyrtivörutílskipunina).

LYKTAREYÐANDI EFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að draga úr eða fela óþægilega líkamslykt.

MENGANDI EFNI

Efni sem eru aðallega sett í snyrtivörur með etýlalkóhóli til að gera vöruna bragðvonda.

MUNNHIRÐUEFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til munnhirðu.

MÝKJANDI EFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að mýkja og slétta hörund.

OXANDI EFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að breyta efniseiginleikum annars efnis með því að bæta við súrefni.

PLÖNTUEFNI

Efni sem eru unnin úr plöntum, einkum með öðrum aðferðum en efnafræðilegum, og sett í snyrtivörur til að ná fram tilteknum eiginleikum í vörunni.

PÚÐAR

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að stilla sýrustig þeirra eða halda því stöðugu.

RAKAEFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að viðhalda og varðveita raka.

ROTVARNAREFNI

Efni sem eru aðallega sett í snyrtivörur í þeim tilgangi að hindra vöxt örvera í þeim.

SKYGGIEFNI

Efni sem eru sett í gagnsæjar eða hálf gagnsæjar snyrtivörur til að sýnilegt ljós og nálæg geislun komist síður í gegn.

SLÍPIEFNI

Efni sem eru annaðhvort sett í snyrtivörur til að fjarlægja efni af ýmsum stöðum líkamans eða til að hjálpa við tannburstun eða til að auka gljáa tanna.

SVITALYKTAREYÐANDI EFNI

Efni sem eru sett í efnablöndur snyrtivara til að draga úr svitamyndun.

TÆRINGARVARNAREFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að koma í veg fyrir að umbúðirnar tærist.

YFIRBORÐSVIRK EFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að draga úr yfirborðsspennu og stuðla að jafnri dreifingu snyrtivörunnar við notkun.

ÝRUEFNI

Ýfirborðsvirk efni sem eru sett í snyrtivörur og stuðla að einsleitri samsetningu vökva sem ekki er unnt að blanda saman.

ÝRUHJÁLPAEFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að örva ýrumyndun og auka stöðugleika blöndunnar og geymsluþol.

ÞRÁAVARNAREFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til hindra efnahvörf af völdum súrefnis og koma þannig í veg fyrir oxun og þránun.

ÖRVERUEYÐANDI EFNI

Efni sem eru sett í snyrtivörur til að draga úr verkun örvera á hörund eða líkama.

Á bls. 10 – 525 í þessari ákvörðun, eins og hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna á öðrum tungumálum, er sjálf skráin yfir innihaldsefni snyrtivara, önnur en hráefni sem gefa ilm og bragð. Þessi skrá er ekki þýdd á íslensku.

II. ÞÁTTUR

SKRÁ YFIR HRÁEFNI SEM GEFA ILM OG BRAGÐ

1. Inngangur

Þessi skrá er upptalning á grunnefnum sem eru notuð í efnasamsetningar sem gefa ilm og bragð. Skráin var fyrst og fremst tekin saman á grundvelli upplýsinga frá EFFA (European Flavour and Fragrance Association). Hún gildir því sem skrá yfir innihaldsefni lyktar- og bragðefna.

2. Innihaldsefni lyktar- og bragðefna

Ekki er þörf á sameiginlegu nafnakerfi fyrir innihaldsefni lyktar- og bragðefna þar eð lyktar- og bragðefnin eða innihaldsefni þeirra (efnasamsetningar sem gefa ilm og bragð og hráefnin sem þær eru gerðar úr) skulu tilgreind á merkimiðum með orðunum „ilmefni“ eða „bragðefni“ (g-liður 1. mgr. 6. gr. snyrtivöruutilskipunarinnar). Efnið er því auðkennt með efnaheiti sem tilgreinir efnið á eins ótvíræðan hátt og unnt er. Slíkt kerfi er þegar fyrir hendi í réttarreglum bandalagsins („acquis communautaire“) – það er að segja í Evrópuskránni yfir markaðssett kemísk efni (EINECS), (*Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna* nr. C 146A frá 15. júní 1990) og Evrópuskránni yfir tilkynnt efni (ELINCS), en nýjasta útgáfan af henni var birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* nr. C 361 frá 17. desember 1994. Í þessum ritum eru einkum þær upplýsingar sem þarf til að lýsa efni á ótvíræðan hátt, það er að segja efnaheiti, CAS-númer og EINECS-númer.

Í þessum skráum eru einnig efni með óþekktu byggingu, breytilega samsetningu eða af lífrænum uppruna (svokölluð UVCB-efni). Því var skráin yfir innihaldsefni lyktar- og bragðefna byggð á EINECS-/ELINCS-kerfinu. Ekki er hægt að nota hin auðkennin sem um getur í tilskipun 93/35/EBE (CTFA-heiti, heiti samkvæmt evrópsku lyfjaskránni, heiti samkvæmt tilmælum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, litaskrárnúmer). IUPAC-auðkennin koma fram í EINECS-auðkennunum.

Ef efni er ekki í EINECS-kerfinu er einungis gefið upp CAS-númer og CAS-heiti.

3. Hlutverk innihaldsefna lyktar- og bragðefna

Hlutverk allra innihaldsefna í þessari skrá er að gefa ilm. Þó geta tiltekin innihaldsefni gegnt fleiri en einu hlutverki.

Efni sem eru notuð í lyktar- og bragðefni vegna eiginleika sinna í blöndum (svo sem leysiefni og burðarefni) eru einnig í skránni. Samkvæmt g-lið 1. mgr. 6. gr. snyrtivöruutilskipunarinnar má líta á þessi efni sem hluta af lyktar- eða bragðefninu og því þarf ekki að gefa þau upp sem innihaldsefni snyrtivöru, að því tilskildu að þau séu notuð í leyfilegu magni.

4. Takmarkanir sem gilda um innihaldsefni lyktar- og bragðefna

Tilgreindar eru takmarkanir á notkun tiltekins innihaldsefnis þegar við á. Þessar takmarkanir eru settar fram í tilskipuninni sjálfri eða í starfsreglum IFRA (International Fragrance Association). Takmarkanirnar geta verið í formi magntakmarkana (sem tilgreindar eru sem hundradshluti af fullunninni vöru eða sem styrkur efnisins eins og það er borið á hörund) eða í því formi að innihaldsefnið þurfi að standast tilteknar kröfur eða það megi aðeins nota í tengslum við tiltekin innihaldsefni önnur.

Þessi efni eru merkt í skránni með einni stjörnu (*) (IFRA-takmarkanir) eða tveimur stjörnum (**) (takmarkanir í snyrtivöruutilskipuninni).

5. Hversu ítarleg upptalning lyktar- og bragðefnaskráin er

Rétt er að veita því athygli að í þessari skrá hafa mismunandi gæðaafringdi tiltekins innihaldsefnis, svo sem geraníóls, ekki verið skráð sérstaklega; það sama gildir um mismunandi gæðaafringdi náttúrulegra efna úr sömu plöntutegund. Appelsínuolíur frá Brasilíu, Flórída, Kaliforníu o.s.frv., einnig þykktar, eru allar tilgreindar undir sömu færslu, það er að segja „Kjarnar úr sætum appelsínum“, CAS 8028-48-6, EINECS 232-433-8. Þessi færsla er skilgreind sem: „Kjarnar og eðlisbreyttar afleiður þeirra, svo sem dropar, rokgjarnar olíur (einnig fastar og vaxsneyddar), olúharpeis, terpen, terpenlausir þættir, eimi, leifar o.s.frv., úr *Citrus sinensis*, Rutaceae“

Ef gerð efnis er leyndarmál og framleiðandi lyktar- eða bragðefnisins á hugverkaréttinn á því er það heldur ekki fært í skrána. Þessi efni eru ekki seld sem slík heldur einungis notuð í lyktar- eða bragðefnasamsetningar, venjulega í litlu magni, til að gæða þær sérstökum einkennum eða gera þær einstakar.

Á bls. 528 – 679 í þessari ákvörðun, eins og hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna á öðrum tungumálum, er sjálf skráin yfir hráefni sem gefa ilm og bragð. Þessi skrá er ekki þýdd á íslensku.

REGLUR UM UPPBYGGINGU NAFNAKERFISINS

Reglurnar, sem notaðar eru við ákvörðun INCI-heitanna, eru sem hér segir:

1. Til að gera INCI-heitin auðveldari í notkun og skýrari hafa þau verið ákveðin með það í huga að nota þurfi sem minnst af greinarmerkjum og hástöfum.
2. Þegar ný heiti hafa verið tekin upp hefur allt kapp jafnan verið lagt á að nota stysta heitið sem samræmist þessum reglum.
3. Notuð eru einföld efnaheiti þar sem unnt er.
4. Viðurkenndar skammstafanir á efnaheitum eru notaðar þar sem við á. Á blaðsíðu 684 er skrá yfir þær skammstafanir sem eru notaðar í skránni yfir innihaldsefni snyrtivara.
5. Hefðbundnum orðstofnum er haldið sem samtengingarmyndum þegar það samræmist öðrum kerfum.
6. Skammstafanir eru notaðar til að einfalda heiti á hópum flókinna innihaldsefna þar sem við á.
7. Efnasamböndum, sem eru skyld eða áþekk efnum sem lýst er í viðurkenndum heimildum, er gefið heiti með hliðsjón af skráðum heitum eftir því sem unnt er.
8. Forliðurinn „mónó“ („ein“) kemur yfirleitt ekki fyrir í heitum einsetinna afleiða. Hann er einungis notaður þegar koma þarf í veg fyrir tvíræðni. Ef forlið vantar merkir það „mónó“ („ein“), svo sem glýserísterat.
9. Heitið „glýseríð“ hefur verið notað til að lýsa mónóglýseríði. Blöndur mónó-, dí- og tríglýseríða eru kallaðar „glýseríð“. Tríglýseríðum hafa verið gefin sérstök heiti, svo sem trísterín.
10. Venja er að lýsa margsetnum afleiðum með viðeigandi forlið eins og „dí-“, „trí-“ eða „tetra-“, svo sem glýseríldísterat.
11. Venja er að tengja heiti innihaldsefna, sem innihalda endatölur, með bandstriki nema um litarefni sé að ræða. Upprunalegu bandstriki er haldið í afleiðum efna sem skrifuð eru með bandstriki.
12. Venjan er að gefa ekki upp vötnunarstig.
13. Ógreindum alkýlhópum er lýst með almennu stofnheiti sínu.
14. Efnum, sem innihalda blöndur úr kolefniskeðjubútum með jafna tölu kolefnisatóma, er gefið heiti með almennu stofnheiti viðeigandi fitusýru. Efnum, sem innihalda blöndur úr kolefniskeðjubútum með jafnri og ójafnri tölu kolefnisatóma, er gefið heiti með öðrum hætti.
15. Greindum alkýlhópum er venjulega lýst með forliðnum „ísó“ og almennu stofnheiti á sambærilegum ógreindum hópi (svo sem ísostírylalkóhól, ísostírylalkóhól). Helsta undantekningin frá þessari reglu eru heitin á Guerbet-alkóhólunum. Þeim eru gefin efnafræðileg heiti (t.d. oktyldódekanól, desýltetradekanól), að undanskildu „2-etylhexýli“. Fyrir „2-etylhexýli“ stendur „oktyl“ vegna almennrar notkunar þess orðhluta (svo sem díoktylnatríumsúlfósúksínat, oktylmýristat). Því er estrum og öðrum afleiðum 2-etylhexýlhexansýru einnig gefið heiti sem oktansýruafleiðum (svo sem ísódesýloktanóat). Ógreindum hópum með átta kolefnisatómum er venjulega gefið heiti með viðeigandi orðstofni sem dreginn er af kaprýlsýru. (Sjá einnig 16. og 17. reglu.)

16. Eftirfarandi tafla hefur verið tekin með til að skýra hvernig afleiðum kaprón-, kaprýl- og kaprín-sýra er gefið heiti.

<i>Keðjulengd</i>	<i>Stofnheiti</i>	<i>Sýra</i>	<i>Estri</i>
C6	Kapró	Kaprón	Kapróat
C8	Kaprýl	Kaprýl	Kaprýlat
C10	Kapr	Kaprín	Kaprat
<i>Keðjulengd</i>	<i>Asýl</i>	<i>Alkyl</i>	<i>Amfó</i>
C6	Kapróóyl	Kapróýl	Kapróó
C8	Kaprýlóyl	Kaprýlýl	Kaprýló
C10	Kapróýl	Kaprýl	Kapró

17. Í eftirfarandi töflu er lýst heitum ógreindra sýra og alkóhóla. Heitin í þessari töflu er notuð fyrir greindar sýrur og alkóhól með forliðnum „ísó“ (svo sem ísósterínsýra). Guerbet-alkóhólum eru aftur á móti gefin sérstök heiti (svo sem oktyldódekanól). (Sjá einnig 15. reglu.)

Mettað:

	<i>Sýra</i>	<i>Alkóhól</i>
C6	Kaprón	Hexýl
C7	Heptan	Heptýl
C8	Kaprýl	Kaprýlýl
C9	Pelargón	Nónýl
C10	Kaprín	Dekýl
C11	Úndekan	Úndekýl
C12	Lárin	Láryl
C13	Trídekan	Trídekýl
C14	Mýristín	Mýristýl
C15	Pentadekan	Pentadekýl
C16	Palmitín	Setýl
C17	Margarín	Heptadekýl
C18	Sterín	Sterýl
C20	Arakín	Arakídýl
C22	Behen	Behenýl

Ómettað:

C11	Úndekýlen	Úndekýlenýl
C16	Palmitól	Palmitóleyl
C18	Olíu	Oleyl
C18	Línól	Línólyl
C18	Línólen	Línólenýl
C20	Arakídón	Arakídónýl
C22	Setól	Setólyl
C22	Erúka	Erúkyl

18. Heiti innihaldsefna, sem eru blöndur áþekkra hráefna (svo sem fitusýra, fitualkóhóla), eru ákveðin á grundvelli efnafræðilegra auðkenna hráefnisins í þeirri mynd sem það er á markaði. Blöndum, sem endurspegla upprunalega skiptingu milli efnisþátta sem rekja má til náttúrulegs upprunaefnis þeirra (svo sem kókoshnetu), er gefið heiti þar sem stofnheiti upprunaefnisins er notað (svo sem kókoshnetualkóhól). Ef hinni upprunalegu, náttúrulegu blöndu hefur verið breytt verulega er henni gefið nafn á grundvelli ríkjandi efnisþátta.
19. Orðstofninn „lan“ er venjulega í heitum á afleiðum lanólíns.
20. Alkanólamíðum er gefið heiti eftir hinum tiltekna alkýlamíðorðstofni og með viðeigandi skammtöfun, svo sem „MEA“ og „DEA“, vegna almennrar notkunar á þessum nafngiftum.
21. Heitinu dímetýl er sleppt og gert ráð fyrir því í heiti allra alkýldímetýlamínóxíða (svo sem steramínóxíðs). Þrígreindum amínóxíðum með mismunandi sethópa er gefið fullt heiti (svo sem díhýdroxýtýlsteramínóxíð).

22. Fjörgreind ammóníumsölt eru venjulega með viðskeytinu „-íum“ í orðstofni katjónarinnar. Heitið „móníum“ lýsir einmetýlsetnu, fjörgreindu köfnunarefni; „dímóníum“ lýsir tvímetýlsetnu, fjörgreindu köfnunarefni; „trímóníum“ lýsir þrímetýlsetnu, fjörgreindu köfnunarefni.
23. Heitin kvaterníum/pólýkvaterníum eru notuð til að lýsa flóknum, fjörgreindum ammóníumsöltum sem hafa ekkert almennt heiti eða ekki er hægt að gefa heiti með hliðsjón af viðurkenndum heitum (svo sem kvaterníum-82, pólýkvaterníum-20).
24. Heitið „amfó“ hefur verið notað sem samtengjandi heiti fyrir amfóterísk yfirborðsvirk efni af imídasólíngerð. Þegar þessum efnasamböndum er gefið heiti er þessi orðstofn tengdur við viðeigandi stofnheiti sethópanna (svo sem natríumkókóamfóasetat).
25. Almenn stofnheiti fitusýra eru notuð í heiti alkýlhlaða efnasambanda alkýlimídasólíns (svo sem lárýlhýdroxyetylímídasólíns) þótt eitt kolefnisatóm fituefnahópsins verði liður í misleitum hring við framleiðslu efnisins.
26. Efnum af lífrænum uppruna er gefið sérstakt heiti (svo sem hýalúrónsýra) eftir að búið er að einangra og hreinsa efnið og lýsa því efnafræðilega. Önnur aðferð við að gefa efnum af lífrænum uppruna heiti (svo sem glýkósamínó-glýkón eða miltisþykkni) er notuð til að gefa þeim heiti í samræmi við framleiðslustig þeirra.
27. INCI-heiti eru notuð fyrir litarefni í snyrtivörum í samræmi við heitin sem eru notuð í IV. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.
28. Innihaldsefnum í hárlit er gefið heiti í samræmi við efnabyggingu sína. Ef efnaheitin eru mjög flókin er notuð samsetning litar og tölu með bókstöfunum „HC“ fyrir framan.
29. Menguð alkóhól fá INCI-heitið „mengað alkóhól“. Mengað alkóhól er etýlalkóhól sem hefur verið mengað með einum eða fleiri mengandi efnum í samræmi við löggjöf hvers aðildarríkis um sig.
30. Efni sem eru unnin úr plöntum nefnast plöntuefni. INCI-heiti þeirra eru miðuð við hið alþjóðlega nafnakerfi fyrir ættkvísl og tegund samkvæmt Linné. Heiti á efnafræðilegum afleiðum plöntuefna eru samkvæmt reglum um heiti efna.
31. Samsetningar heitis og tölu eru aðeins notaðar sem INCI-heiti fyrir innihaldsefni snyrtivara ef innihaldsefnið eru það flókin og/eða áþekkt að ekki er hægt að gefa þeim nothæft heiti með öðrum aðferðum. Þegar tölur eru valdar af handahófi koma jafnan á undan þeim heiti sem gefa til kynna byggingu eða samsetningu efnisins. Hver samsetning heitis og tölu stendur fyrir tiltekið innihaldsefni í skránni yfir innihaldsefni snyrtivara. Notaðir hafa verið eftirfarandi flokkar af samsetningum heita og talna:
 - a) *Bensófenón*

Þetta heiti er notað fyrir allar bensófenónafleiður (svo sem bensófenón-2).
 - b) *HC-litur*

Sjá 28. reglu.
 - c) *Kvaterníum/pólýkvaterníum*

Sjá 23. reglu.
 - d) *Vetnisflúorkolefni/Vetnisklórflúorkolefni*

Þessi heiti eru notuð fyrir úðadrifefni úr vetnishalókolefnum (svo sem vetnisflúorkolefni 152a, vetnisklórflúorkolefni 142b).
 - e) *Pólýsilíkon*

Þetta heiti er notað til að lýsa flóknum kísilfjölliðum sem ekki er hægt að gefa almenn heiti eða heiti samkvæmt viðteknum venjum fyrir kísilsambönd (svo sem pólýsilíkon-1).

32. Samsettum blöndum, sem eru búnar til með því að setja saman mörg efni, er gefið heiti með því að telja innihaldsefnin upp í röð eftir minnkandi vægi.
33. INCI-heiti fyrir útdregin efni standa fyrir „útdregna efnið“ og vísa ekki til útdrattarleysiefna og/eða annarra þynningarefna sem kunna að vera í þessum efnum.
34. Leysiefni og/eða þynningarefni í hráefnum sem eru á almennum markaði, svo sem yfirborðsvirk efni, fjölliður og harpeisar, eru venjulega ekki auðkennd sem hluti af INCI-heiti.
35. Í heiti alkoxýlaðra efna er bætt stigi alkoxýlunar sem er tilgreint með meðalmólfjölda etýlenoxíðs og/eða própýlenoxíðs.

Etoxýluð efni, sem eru venjulega tilgreind með áætlaðri mólþyngd sinni, eru umreiknuð í mól með eftirfarandi töflu:

Áætluð mólþyngd	Meðalmólfjöldi
100	2
200	4
300	6
400	8
450	9
500	10
600	12
1 000	20
1 540	32
1 800	36
2 000	40
3 000	60
4 000	75
6 000	150
8 000	180

Ef notaðir eru svigar tákna tölugildi, sem bætt er við annars konar efnahæiti fyrir etoxýluð efnasambönd, meðalfjölda móla sem etoxýlast, t.d. pólýetýlenglýkól (20 000).

Ef ekki eru notaðir svigar gefur tölugildið til kynna mólþyngd, t.d. pólýetýlenglýkól 20 000.

36. Etoxýluðum alkóhólum er gefið heiti með því að skeyta „et“ aftan við hefðbundið stofnheiti alkóhólsins og þar á eftir meðaltali etýlenoxíðmóla.
37. Á eftir pólýetýlenglýkólþættinum í öllum öðrum etoxýluðum efnasamböndum, sem eru ekki nefnd samkvæmt 6. eða 36. reglu, kemur meðaltal etýlenoxíðmóla.
38. Heitið „paret“ tekur til etoxýlaðra parafínalkóhóla sem innihalda kolefniskeðjubúta með bæði jafnri og ójafnri tölu kolefnisatóma.
39. Heitið „akrýlöt“ er notað til að lýsa ógreindum, samsettum fjölliðum sem eru ekki víxltengdar og innihalda samsetningar af akrýlsýru, metakrýlsýru og einföldum estrum þeirra. Einnig er heitið „krótónat/krótónöt“ notað til að lýsa samsettum fjölliðum sem innihalda samsetningar af krótónsýru og einföldum estrum hennar.
40. Heitið „karbómer“ er notað til að lýsa einsleitum víxltengdum fjölliðum akrýlsýru með mikla mólþyngd. Víxltengiefninu eða -efnunum er lýst nánar í skilgreiningu innihaldsefnisins. (Sjá einnig 41. reglu.)
41. Heitið „víxl-fjölliða“ er notað til að lýsa öðrum víxltengdum fjölliðum en karbómerfjölliðum. (Sjá einnig 40. reglu.)

SKAMMSTAFANIR

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar einar sér eða sem samtengiliðir í heitum snyrtivara í skránni yfir innihaldsefni.

AMP	Amínómetýlprópanól
AMPD	Amínómetýlprópandíól
BHA	Bútýlað hýdroxýanisól
BHT	Bútýlað hýdroxýtólúen
CHDM	Sýklóhexandímetanól
CI	Litaskrá (Colour Index)
DEA	Díetanólamín
DEDM	Díetýlólódimetýl
DIBA	Díhýdroxýísóbútýlamín
DIPA	Díísóprópanólamín
DMAPA	Dímetylamínóprópylamín
DMDM	Dímetylólódimetýl
DMHF	Dímetylhýdantóin formaldehýðharpeis
DNA	Deoxýríbósakjarnsýra
DVB	Dívínýlbensen
EDTA	Etýlendíamíntetraedíksýra
EDTHP	Etýlendíamíntetrahýdroxýprópylen
GLY	Glýsín
HC	Hárlitur (Hair Colour)
HCl	Vetnisklórið
Hedta	Hýdroxýetýletýlendíamíntríedíksýra
MA	Maleinanhýdríð
MDM	Mónómetýlólódimetýl
MEA	Mónóetanólamín
MEK	Metýletýlketón
MIBK	Metýlísóbútýlketón
MIPA	Mónóísóprópanólamín
NTA	Nítrílótríedíksýra
PABA	p-amínóbensósýra
PCA	Pyrrólídonkarboxýlsýra
PEG	Pólýetýlenglýkól
PEI	Pólýetýlenímín
PG	Própylenglýkól
PPG	Pólýprópylenglýkól
PTFE	Pólýtetraflúoretýlen
PVM/MA	Pólývínýlmetýletri/maleinsýruanhýdríð
PVP	Pólývínýlpyrrólídon
RNA	Ríbósakjarnsýra
SE	Myndar sjálft fleytu
SIP	Súlfóísótalat
SMDI	Mettað metýlendífenýldíísóbíónat
TDI	Tólúendíísósýanat
TEA	Tríetanólamín
TIPA	Tríísóprópanólamín
VA	Vínýlasetat